

Aðalfundur FASK 25 janúar 2021 kl 20:00

Mættir: Sigrún Sigurgeirsdóttir, Anna María Kristjánsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Sindri Ragnarsson, Matthildur Unnur Þorsteinsdóttir, Haukur Ingi Einarsson, Einar Rúnar Sigurðsson, Borgar Antonsson, Bjarney Bjarnadóttir, Laufey Guðmundsdóttir, Guðlaugur J. Þorsteinsson, Atli Már Björnsson, Ágúst Elvarsson, Bergþóra Ágústsdóttir, Björn Borgþór Þorbergsson, Helen María Björnsdóttir, Aron Franklín Jóhannesson, Nejra Mesetovich og Þorvarður Árnason

Haukur bauð fundarmenn velkomna og lagið til að Þorvarður Árnason yrði skipaður fundarstjóri. Samþykkt samhljóða.

1. Skýrsla stjórnar ásamt félagaskrá

Haukur las upp skýrslu stjórnar og kynnti félagatalið

2. Ákvörðun um árgjald

Þorvarður las upp tillögu stjórnar um breytingu á gjaldskrá, gjald fyrirtækja verði óbreytt 12.500.- kr og gjald einstaklinga hækkar úr 2.500.- kr í 6.250.-, samþykkt samhljóða.

3. Ársreikningur

Bergþóra kynnti helstu þætti rekstrar FASK á starfsárinu: Fram kom að heildar útgjöld voru 124.837.- kr. og heildar félagsgjöld greidd 242.805.- kr. Staða á reikningum er 569.560.-

4. Lögð fram starfsáætlun næsta árs.

Haukur las upp starfsáætlun næstu stjórnar, Laufey Guðmundsdóttir gerði grein fyrir helstu verkefnum svæðisráðs Vatnajökulspjórðgarðs á Suðursvæði, kynnti hún einnig heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Ágúst gerði grein fyrir helstu verkefnum Markaðsstofu Suðurlands og verkefni framundann.

5. Kosning stjórnar og tveggja endurskoðenda

Þorvarður lagði til að fyrst verði kosin formaður til tveggja ára og síðan verði kosin ný stjórn. Var það samþykkt samhljóða. Engin framboð til formanns höfðu borist fyrir fundinn, Sindri lagði til að Haukur verði áfram formaður enda starfsárið verið stutt.

Samþykkt að Haukur Ingi Einarsson verði formaður FASK til tveggja ára með af öllum fundarmönnum, Fulltrúar South East Iceland sátu hjá við kosningu á formanni. Fundarstjóri gaf laust orðið um kosningu stjórnar. Fram kom að allir fráfarandi stjórnarmeðlimir gefi kost á sér til áframhaldandi stjórnar og því samþykkti fundurinn að núverandi stjórn verði endurkjörin: Bergþóra Ágsústs dóttir, Ágúst Elvarsson, Matthildur Unnur Þorsteinsdóttir og Laufey Guðmundsdóttir. Sigrún Sigurgeirsdóttir var kosin varamaður í stjórn. Rætt var um að breyta þrennu er varðar kosningu á aðalfundi, annarsvegar að óskað verði eftir tillögum í stjórn a.m.k viku fyrir aðalfund og að varamönnum verði fækkað úr þremur í einn. Einnig var rætt um mismun á kosningu endurskoðendum og skoðunarmönnum. Þessu þrennu beint til núverandi stjórnar. Samþykkt að Sigurjón Örn Arnarsson verði kosinn endurskoðandi.

6. Önnur mál.

Sindri sagði að margt gott sem stjórn FASK hafi gert, óttaðist hann að þeir sem skipa starfshópin endurspegli ekki hagsmuni fyrirtækisins síns og fl. aðila Sigurður Guðmundsson tók undir þau orð og benti einnig á að aðilar utan FASK hafi ekki aðgang að vinnu starfshópsins um endurskoðun varðandi samninga tengdum íshellaferðum í framtíðinni. Haukur gerði grein fyrir helstu verkefnum starfshópsins og að aðgengið að upplýsingum og skoðanaskiptum hafi verið gert eins opið og hægt er, með því að gera fundargerðirna aðgengilegar ásamt öðrum gögnum sem verða til og að boða til funda á milli vinnufunda.

Fundi slitið: 22:00